

Alþingi  
Erindi nr. P 133/878  
komudagur 12.2.2007



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Egilsstöðum, 12. febrúar 2007


**Efni: Umsögn Skógræktar ríkisins um tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum.**

Skógrækt ríkisins legst ekki gegn tillögunni en telur að einn þátt vanti í framtíðarsýnina sem í henni birtist. Fram kemur að friðslýsingin eigi að ná til alls vatnasviðs Jökulsár, en innan þess eru mjög stór uppblásin svæði og svæði þar sem ágangur sands er mikill. Á þetta einkum við um Hólssand, Hólsfjöll, Víðidal og Möðrudal austan ár og Mývatnsöræfi allt inn að Herðubreiðarlindum vestan ár. Þegar komið er upp undir Vatnajökul liggur land svo hátt að sennilega er um náttúrulegar auðnir að ræða en neðan ca. 500 m eru þær að mestu manngerðar.

Það er ekki við hæfi að festa þetta rofna land í þeirri mynd nú er. Skógrækt ríkisins leggur því til að eftirfarandi setningu verði bætt við tillöguna, t.d. á eftir setningunni þar sem fram kemur að hverskyns röskun og mannvirkjagerð skuli vera bönnuð:

*Vatnasvið Jökulsár verður friðað fyrir beit og unnið verður að því að endurheimta skóg eða kjarr á öllu svæðinu upp í a.m.k. 500 m hæð.*

F.h. Skógræktar ríkisins

  
Þröstur Eysteinnsson  
Sviðsstjóri Þjóðskóganna